

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 2001

5. apríl 2001

691

Nr. 312

AUGLÝSING um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

Að biðskylda verði sett á Norðurbraut, botnlangann til norðurs, gagnvart Norðurbraut þar sem hún tengist Hraunbrún.

Ákvörðunin tekur gildi 15. maí 2001.

Hafnarfirði, 5. apríl 2001.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði,

Guðmundur Sophusson.

5. apríl 2001

Nr. 313

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25 janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldyr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um:

Ástralía
Chíle
Jamaíka ¹
Marokkó
Perú
S-Kórea
Túnis
Tyrkland
Tæland
Víetnam

¹ Aðeins er heimilt að flytja inn sæsnigla.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.